

87. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 10. desember 2007 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Erna Guðmundsdóttir, Hrefna Frímannsdóttir, Ingveldur Eypórsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Einar Gunnarsson, fulltrúi kennara, Elín Guðrún Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri og Arna S. Andrésdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Erindi um verð á máltíðum í GSS

Erla bæjarstjóri fór yfir bréf sem fræðslunefnd barst afrit af frá foreldraráði Grunnskólans í Stykkishólmi, dags. 08.11.2007 varðandi mötuneyti við Grunnskólann í Stykkishólmi og fylgdi bókum meirihluta bæjarstjórnar eftir.

Bókunin:

Sjálfsgagt er að boðið sé uppá heita máltíð í hádeginu í Grunnskólanum. Það er frjálst val foreldra hvort þau nýti sér þennan kost fyrir hönd barna sinna. Þeir sem ekki hafa fjárhagslega aðstæður til að greiða fæði fyrir börn sín í Grunnskólanum eru eftir sem áður styrkt til fæðis kaupanna í gegnum Félags- og skólaþjónustuna.

Gunnar útskýrði nánar hvernig fyrirkomulag á matartímum er í skólanum, bæði ef nemandi er í mötuneytinu eða kemur með nesti að heiman.

Fyrirspurn kom fram um verð á máltíðum í leikskólanum og hvort að bæjarstjórn hefði hugsað sér að gera eitthvað eða leitað leiða til að brúa bilið á kostnaði á máltíðum í leikskóla og grunnskóla t.d. eins og að nýta eldunaraðstöðu sem bærinn á nú þegar. T.d. elda fyrir leikskóla og grunnskóla í eldhúsi á leikskólanum. Erla bæjarstjóri, svaraði fyrirspurn. Elhúsið í leikskólanum býður ekki upp á þann kost. Hægt að elda þar fyrir um 100 manns.

Fyrirspurn kom fram hvort að það hafi eitthvað verið rætt í bæjarstjórn um að veita systkinaafslætti af máltíðum í skólanum. Erla bæjarstjóri svaraði fyrirspurninni. Systkinaafsláttur er líka niðurgreiðsla.

Fyrirspurn kom fram um hvort að kostnaður á skólamáltíðum eins og hann er í dag, hafi eitthvað um það að segja að einungis barst eitt tilboð. Erla svaraði fyrirspurn og greindi m.a. frá því að um opið útboð hefði verið að ræða og kröfur í samræmi við það.

2. Skýrslur skólastjóra.

2.1. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

- Haustannarprófum og námsmati er lokið. Niðurstöður samræmdra prófa eru þó ekki komnar í hús. Reynist vel að hafa prófin og námsmatið í október.
- Miðönn hófst 20. nóvember og nær hún til 22. febrúar.
- Forvarnardagurinn var miðvikudaginn 21. nóvember sl. Hann er tileinkaður 9. bekk á hverju ári. Davíð Bergmann, ráðgjafi hjá Stuðlum, tók nemendur í 9. og 10. bekk og vann ákveðið forvarnarstarf með þeim. Lionsklúbburinn greiddi fyrir þennan lið. Nemendur unnu líka verkefni með kennara sínum.
- Desemberpunktar
 - Jólaföndur er á ábyrgð hjá stjórn hvers foreldrafélags í samvinnu við skólann. Jólaföndur var 3. desember kl. 18:30 hjá 1.-4. bekk og 4. desember kl. 18:30 hjá 5.-10. bekk. Báðar kvöldstundirnar voru glæsilegar.
 - Starfsmannafundur GSS var miðvikudaginn 5. desember á Narfeyrarstofu.
 - Starfsmannamál: Drífa Árnadóttir byrjar að vinna í GSS núna 12. desember nk. Þórheiður Gunnlaugsdóttir lýkur störfum og Guðni Valentínusson að hluta.
 - Helgileikur í Stykkishólmskirkju varður á morgun, þriðjudaginn 11. desember, 1. – 4. bekkur.
 - Jólaleikfimin verður miðvikudaginn 12. desember.
 - 12 nemendur í framhaldsnámi frá hinum ýmsu framhalds og/eða háskólum munu mæta í 18 próftökur í grunnskólann á tímabilinu 3. -14. desember.
 - Litlu jólin eða bekkjarjól verða 19. desember. Í barnaskólanum eru allir í sínum stofum og enda á sal. Í grunnskólanum við Borgarbraut koma allir saman á sal, síðan eiga nemendur stund með sínum umsjónarkennara.
 - Stund með Hörkutólunum á hátíðarsal skólans framundan.
 - Jólafri frá og með miðvikudeginum 20. desember.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna.

Formaður lýsti ánægju sinni yfir því að því að skólinn sé vímuefnalaus.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn kom fram um hvort að kertanotkun væri leyfð í skólanum dagsdaglega í desember. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni. Já svo er en innan vissra marka.

Fyrirspurn kom fram hvort að það væri 3. bekkur sem sæi um helgileik. Skólastjóri svaraði fyrirspurn. Já 3. bekkur sér um helgileikinn.

2.2. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

- Dagur íslenskrar tungu var 16. nóvember sl. og þá fóru eldri krakkarnir í heimsókn á bókasafnið. Yngri krakkarnir hittust á sal skólans.
- Jólamánuður fer rólega af stað. Jólaföndur foreldrafélagsins, var í síðustu viku, gekk mjög vel og var salurinn nýttur í það.
- Aðeins er tekinn einn dagur í hefðbundið jólaföndur í leikskólanum og er það skraut svo notað til að skreyta jólatréð í leikskólanum. Börnin gera svo jólagjöf til foreldra sinna.
- Á morgun verður farið í Kirkjuferð með yngstu bekkjum grunnskólans. Það er komin hefð á slíka ferð.
- Skógarferð er á döfni, ekki verður farið í Norska húsið í ár.
- Litlu jólin verða 20. desember. Það verður aðeins ein sýning og eitt jólaball þar sem leikskólinn er einsetinn.
- Nk. föstudag kemur litla lúðrasveitin í heimsókn í leikskólann.
- Farið var fram á við foreldra að þeir láti vita hvort að börnin þeirra verði á leikskólanum milli jóla og nýárs. M.a. svo hægt verði að skipuleggja matarinnkaupin betur og fleira.
- Um daginn komu góðir gestir á leikskólann, umhverfisráðherra Þórunn Sveinbjarnardóttir og aðstoðarkona hennar, Anna Kristín Ólafsdóttir. Það var mjög gaman að sýna þeim skólann og fara yfir umhverfismálin með þeim.
- Nemi, Sara Sædal, kom í heimsókn í leikskólann um daginn.
- Mikið hefur verið um forföll í vetur bæði vegna veikinda starfsmanna og barna þeirra. Einnig áttu starfsmenn marga daga eftir af sumarorlofi sínu og hafa verið að taka það í vetur. Þetta eru orðnir mjög margir dagar og sem dæmi má nefna að í nóvember voru þrjú dagar þar sem allir voru mættir.
- Það þarf að taka ákvörðun, fljótlega eftir áramótin, um það hvort eigi að loka í 20 eða 24 virka daga í sumar.
- Ásta talmeinafræðingur kemur á föstudaginn og Ari sálfræðingur í næstu viku.

Formaður þakkaði skólastjóra fyrir skýrsluna.

Formaður spurði nánar út í brunavarnir á leikskólanum. Skólastjóri efast um að formleg brunaæfing verði en það verður fræðsla fyrir starfsfólk svo það viti hvað það eigi að gera við viðeigandi aðstæður. Sú fræðsla verður í janúar. Börnin verða líka að fá að sjá slökkviliðsmann í fullum skúða.

Formaður tók undir að það þyrfti að taka ákvörðun um sumarlokun fljótlega.

Formaður ræddi örlítið um forföllinn sem hafa verið á leikskólanum.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn kom fram um hvort að forfallamál hafi verið rædd á vinnustaðnum. Skólastjóri svaraði því játandi.

3. Önnur mál.

Erla ræddi um stöðuna á húsnðismálum grunn- og tónlistarskóla. Vinna við skólastefnu er í gangi og lýkur fyrir vorið þá getur vinna hönnuða hafist. Stýrihópur fer að banka upp á fljótlega upp úr áramótum. Stefnt er að því að hægt verði að hefja framkvæmdir árið 2009.

Erla greindi frá skólaþingi sem hún sat um daginn ásamt tveimur öðrum, bæjarritara og formanni fræðslunefndar.

Formaður minnti á heimasíðuna: <http://www.samband.is> og undir liðnum skólamála má finna ýmislegt fróðlegt.

Fram fór umræða um kjaramál og fleira.

Skólastjóri grunnskóla ræddi um stækkun grunn- og tónlistarskóla.

Skólastjóri grunnskóla ræddi um leiksýninguna Oliver Tvist, lýsti ánægju sinni á þessari sýningu. Eftir áramót fer skólinn af stað með uppsetningu á leikriti.

Grænfanavinnan í grunnskólanum, skólastjóri greindi frá því að búið er að velja í stýrihóp sem ber ábyrgð á vinnu hjá 5. bekk og uppúr. Vonandi er hægt að landa þeirri vinnu í vor.

Formaður og Erla lýstu ánægju sinni yfir góðri undirbúningsvinnu í sambandi við kjaramál sem þau fengu kynningu á á skólaþinginu.

Skólastjóri leikskóla greindi frá því að þau vinni eftir brunaáætlun þó ekki sé búið að aðlega hana að nýjum aðstæðum.

Einar ræddi nánar um forvarardaginn.

Fyrirspurn kom fram um dag íslenskrar tungu, hvað og hvort unnið var með Jónas. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurninni að slíkt hefði verið gert.

Hugmynd kom fram um að bjóða nemendum sem taka þátt í stóru upplestrarkeppninni að lesa á jólstundinni sem haldin er á vegum bæjarins í desember ár hvert.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.52.

Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari (sign).